

20. ágúst 1981.

941

Nr. 574.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem gefin er út samkvæmt heimild í lögum nr. 39 1971 um utanríkisþjónustu Íslands, öðlast gildi þegar í stað.

Utanríkisráðuneytið, 20. ágúst 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

8. september 1981.

Nr. 575.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á kolmunna- og spæringsmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 31. desember 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28 maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á kolmunna- og spæringsmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 31. desember 1981:

Kolmunnamjöl, \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Spæringsmjöl, \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við cif., og gerist upp á viðaskiptagengi (skilagengi), eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. september 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

22. september 1981.

Nr. 576.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Apóteks Keflavíkur.

Skv. heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Apóteks Keflavíkur frá og með 1. desember 1981, vera sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga kl. 9:00—19:00

Laugardaga, helgidaga og almenna frídaga kl. 10:00—12:00.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1981.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.